



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2020

R19120133

1252

Borgarráð

***Tillaga um viðbótarframlag til Listahátíðar í Reykjavík og beiðni um leyfi fyrir viðburðarskála***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða beiðni Listahátíðar í Reykjavík um 3 milljóna króna viðbótarframlagi fyrir hátíðarárið 2020 til að styrkja dagskrána á afmælisári. Jafnframt er lagt til að beiðni þeirra um að reisa viðburðarskála í norðurenda Reykjavíkurtjarnar sé vísað til umhverfis- og skipulagssviðs til meðferðar.

Greinargerð:


Listahátíð í Reykjavík sendi erindi til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 4. desember 2019 þar sem óskað er eftir viðbótarframlagi fyrir hátíðarárið 2020 sem og óskað er eftir leyfi til reisa viðburðarskála í norðurenda Reykjavíkurtjarnar. Erindið var sent menningar- og ferðamálasviði til umsagnar þann 8. janúar sl. Hjálagt er umsögn sviðstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 13. janúar 2020 þar sem lagt er til að tekið sé jákvætt í erindið.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindi til borgarráðs frá Listahátíð í Reykjavík, dags. 4. desember 2019

Umsögn sviðstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 13. janúar 2020



LISTAHÁTÍÐ Í  
REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK  
ARTS FESTIVAL

Reykjavík, 4. desember 2019

**ERINDI TIL BORGARRÁÐS REYKJAVÍKUR:**

- 1. Beiðni um leyfi fyrir viðburðaskálanum *Sjónhvörf* í Tjörninni**
- 2. Beiðni um viðbótarframlag í tilefni af afmæli Listahátíðar**

Listahátíð í Reykjavík fagnar 50 ára afmæli á komandi ári og verður tímamótanna minnst með fjölbreyttum hætti. Dagskráin sjálf verður einstaklega vegleg og fjölskrúðug og mun höfða til ólíkra þjóðfélags- og aldurshópa. Klúbbur Listahátíðar verður í lönó þar sem boðið verður upp á ókeypis dagskrá alla daga hátíðarinnar.


**SJÓNHVÖRF**

Í tilefni afmælisins hafa arkitektarnir Baldur Snorrason og Michael Godden hannað viðburðaskála sem ber heitið *Sjónhvörf*. Skálinn er úr timbri, er 50 fermetrar, kassalaga og klæddur að utan með sérstakri spegla-klæðningu. Í meðfylgjandi fylgiskjali má sjá myndir, teikningar og hugmyndir hönnuðanna.

**Hér með sækir Listahátíð í Reykjavík formlega um leyfi til þess að reisa þennan skála tímabundið í norðurenda Reykjavíkurtjarnar,**

innan við brúna sem liggur yfir í ráðhúsið. Skálinn, sem er afar fallegur og fellur vel að umhverfinu er líklegur til þess að vekja mikla og jákvæða athygli á þessu svæði, sem annars er lítið nýtt í dag.

Á fundi með menningarsviði borgarinnar og þeim fulltrúum umhverfissviðs sem standa vörð um fuglalífið á Tjörninni fyrr á árinu var þessi hugmynd um tímabundið mannvirki í tjörninni rædd. Niðurstaða þess samtals var að það svæði sem skálanum er nú ætlað að standa á, sé sú staðsetning sem minnst áhrif muni hafa á fuglalíf. Fulltrúar umhverfissviðs gáfu því leyfi fyrir þesari staðsetningu fyrir sitt leyti.



LISTAHÁTÍÐ Í  
REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK  
ARTS FESTIVAL

Hugmyndin er að Sjónhvörf standi að minnsta kosti þann tíma sem Listahátíð varir (6.-21. júní) en rekstraraðilar lönó eru tilbúnir til þess að hafa umsjón með skálanum eftir að hátíð lýkur og jafnvel út sumarið ef vilji er fyrir því að nýta skálann til dæmis í tengslum við önnur hátíðahöld í borginni.

Yfir hátíðatímamann verða smærri viðburðir í boði í Sjónhvörfum; s.s. ör-tónleikar, innsetningar, ljóðaflutningur, list barna, hljóðverk, gjörningar, dans og myndbandsverk. Allir viðburðir í skálanum verða ókeypis.

#### ÓSK UM VIÐBÓTARFRAMLAG

Væntingar til Listahátíðar í tengslum við 50 ára afmælið eru miklar og við stefnum að því að standa undir þeim. Dagskráin er svo gott sem fullmótuð, ný heimasíða opnar í janúar, gagnagrunnur yfir öll verkefni og listafólk hátíðarinnar frá upphafi verður opnaður með vorinu og dagskráin sjálf er líkleg til þess að vekja mikla athygli.

Listahátíð óskar hér með eftir 3 milljón króna viðbótarframlagi frá Reykjavíkurborg fyrir hátíðarárið 2020 til þess að styrkja dagskrána á afmælisári. Slíkri inngjöf yrði varið beint í ókeypis viðburði fyrir almenning í Klúbbnum, viðburði sem teygja sig út fyrir miðborgina og í það að styrkja þau verkefni sem hátíðin framleiðir sjálf, svo sem sviðslistaverk með þátttöku pólsk/íslenska samfélagsins og ráðstefnu um listir og umhverfismál sem haldin verður í tengslum við einn af hápunktum dagskránnar; *Sun & Sea (Marina)* í Listasafni Reykjavíkur.

Með ósk um góðar viðtökur við þessu tvöfalda erindi,  
Virðingarfyllst,

Vigdís Jakobsdóttir  
listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík  
[vigdis@artfest.is](mailto:vigdis@artfest.is)

*Fylgiskjal: Sjónhvörf – myndir og konsept*

Reykjavík 13. janúar 2020

## **Umsögn vegna styrkumsóknar Listahátíðar í Reykjavík um viðbótarstuðning á 50 ára afmælisári**

Með erindi frá skrifstofu borgarstjórnar 8. janúar 2020 var óskað eftir umsögn menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar um umsókn Vigdísar Jakobsdóttur, listræns stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík, um viðbótarframlag til hátíðarinnar í tilefni af stórafmæli hátíðarinnar á árinu.

Í erindi listræns stjórnanda sem beint er til borgarráðs kemur fram að til standi að efla dagskrá Listahátíðar í Reykjavík til muna á afmælisárinu en líkt og áður er áhersla lögð á að höfða til ólíkra þjóðfélags- og aldurshópa. Eitt af því sem hefur verið í undirbúningi er hönnun á viðburðaskála úr tímri sem vonir standa til að hægt verði að reisa í norðurenda Reykjavíkurtjarnar og að þar verði smærri viðburðir á hátíðinni, svo sem gjörningar, dans og myndbandsverk, svo fátt eitt sé nefnt.

Í erindinu er óskað formlegs leyfis borgarráðs til að reisa skálann í Tjörninni jafnframt því sem óskað er eftir þriggja milljóna króna viðbótarframlagi. Fram kemur að viðbótarfjármagnið yrði nýtt til að efla gjaldfrjálsa viðburði, svo sem uppkomur í Klúbba Listahátíðar í lðnó og þar með færi framlagið í að stækka og efla listrænan hluta hátíðarinnar. Samkvæmt upplýsingum frá hátíðinni er áhersla lögð á að greiða öllum listamönnum laun fyrir framlag sitt til hátíðarinnar.

Listahátíð í Reykjavík hefur verið samstarfsverkefni ríkis og borgar í fimmtíu ár en hátíðin fór fyrst fram árið 1970. Óhætt er að fullyrða að upphaf hátíðarinnar hafi markað tímamót í íslensku menningarlífi en síðan þá hefur hún stuðlað að listrænum fjölbreytileika og sett sterkan svip á reykvískt menningarlíf þá daga sem hún stendur yfir. Varlega talið komu hátt í fjörutíu þúsund gestir á viðburði hátíðarinnar, sumarið 2018, en fjöldi viðburða var þá alls 181.

Sérstaða hátíðarinnar felst einna helst í því að vera vettvangur samtals og samstarfs þvert á listgreinar, menningarstofnanir og landamæri en mikill fjöldi íslenskra og alþjóðlegra listamanna hefur í gegnum tíðina sýnt eða flutt verk sín á hátíðinni. Stjórnendur leggja ríka áherslu á að fjölbreytt úrval viðburða sé án endurgjalds og að miðaverði sé stillt í hof á aðra viðburði. Þá telja stjórnendur mikilvægt að lyfta upp jaðarsettum listrænum hópum á hátíðinni.

Nú er í gildi þriggja ára samningur milli Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Listahátíðar í Reykjavík, þar sem ríki og borg styrkja hvor um sig hátíðina um 36 mkr á ári, en samningurinn rennur út í lok þessa árs. Hefur upphæðin í krónum talið haldist svo til óbreytt í hátt á annan áratug en hátíðinni var aftur breytt í tvíæring frá árinu 2016.

Til viðbótar við fyrrgreindan samning hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið ákveðið að veita hátíðinni 6 mkr. viðbótarframlag í ár vegna afmælisársins.

Í ljósi sérstöðu Listahátíðar í Reykjavík og mikilvægis hennar fyrir lista- og menningarlíf borgarinnar í fimm áratugi, mælist undirrituð til þess að borgarráð taki jákvætt í erindi listræns stjórnanda um viðbótarframlag til hátíðarinnar á árinu 2020, svo efla megi listrænan hluta hennar og sérstöðu enn frekar á afmælisárinu. Jafnframt er vonast til þess að hátíðin fái heimild til að reisa viðburðaskálann í Tjörninni sem gæti átt þátt í því að styrkja hjarta miðborgarinnar þá daga sem hátíðin fer fram.

Arna Schram

Sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar